



Ársreikningar sveitarfélaga 2011

- bráðabirgðauppgjör A-hluta

Helstu niðurstöður

- Heildartekjur sveitarfélaga hafa vaxið á árinu 2011, m.a. vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks og launahækkana vegna kjarasamninga.
- Heildarframlegð hefur vaxið um 2,0 ma.kr.
- Hlutfall framlegðar af heildartekjum er nokkuð mismunandi milli einstakra flokka.
- Fjármagnskostnaður vex vegna gengissigs krónunnar.
- Þegar tekið er tillit til reiknaðra liða er rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði neikvæð um 3,1% af heildartekjum.
- Veltufé frá rekstri hefur vaxið í heildina tekið frá fyrra ári.
- Fjárfestingar eru heldur meiri en á fyrra ári. Langstærstur hluti þeirra er hjá Reykjavíkurborg.



Bls. 3



Meðaltal vísitölu neysluverðs hækkaði um 3,99% milli árana 2010 og 2011. Það gefur nokkuð góða hugmynd um hver almenn verðþróun hefur orðið að jafnaði á tímabilinu.

Bls. 4



Óreglulegir liðir eru heldur umfangsmeiri á árinu 2011 en á árinu 2010..

Bls. 6



Við mat á stöðu sveitarfélaga er gagnlegt að bera saman hvernig ákveðnar meginforsendur hafa breyst á liðnum árum.

Inngangur

Bráðaniðurstöður liggja nú fyrir úr uppgjöri ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2011. Niðurstöður liggja fyrir frá sveitarfélögum þar sem búa rúm 99,5% íbúanna. Þannig gefa niðurstöðurnar mjög marktækt yfirlit um afkomu sveitarfélaganna á árinu.

Lögd er áhersla á að birta niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaganna eins fljótt og hægt er þannig að upplýsingar um afkomu sveitarfélaganna á liðnu ári sé tiltækt þeim sem málið varðar. Það skiptir sveitarfélögin máli að fá þessar niðurstöður sem fyrst, bæði fyrir sitt innra starf svo og fyrir fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Enda þótt enn vanti niðurstöður frá nokkrum minni sveitarfélögum þá munu þær ekki hafa nein áhrif sem skipta máli á heildarniðurstöðuna.

Tafla 1. Skil ársreikninga

	Reykjavíkurborg	Hlutf. af Höfuðborgarsv.	Hlutf. af	Vaxtarsvæði	Hlutf. af	Önnur	Hlutf. af	Samtals	
	heild	án Rvk	heild	heild	heild	sveitarfélög	heild		
Íbúafjöldi	118.785	37,2%	84.600	26,5%	71.123	22,3%	44.904	14,1%	319.412
Íbúafjöldi í sveitarfélagi sem hafa skilað	118.785		84.381		71.123		43.660		317.949
Fjöldi sveitarfélaga	1		7		16		51		75
Fjöldi sveitarf. sem hefur skilað	1		6		16		42		65
Útsvarsprósenta (vegð meðaltal)	14,40%		14,34%		14,47%		14,47%		14,44%
Hlutfall af íbúafjölda		100,0%		99,7%		100,0%		97,2%	99,5%

Sveitarfélögunum er skipt upp í fjóra flokka til glöggvunar og frekari útskýringar. Þeir eru sem hér segir:

- Reykjavíkurborg
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur
- Vaxtarsvæði (sveitarfélög frá og með Árborg til og með Borgarbyggð (að höfuðborgarsvæðinu undanskildu), Akureyrarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð)
- Önnur sveitarfélög

Þegar niðurstöður liggja ekki fyrir frá öllum sveitarfélögum innan hvers flokks, þá er niðurstaðan blásin hlutfallslega fyrir hvern flokk fyrir sig. Síðan eru niðurstöður hvers flokks lagðar saman og fæst þá út heildarniðurstaða. Þannig er möguleg skekkja lágmarkuð þegar niðurstöðurnar eru uppfærðar fyrir heildina.

Hér á eftir eru birtar niðurstöður úr A-hluta ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2011. A-hlutinn er að mestu leyti fjármagnaður með innheimtum skatttekjum og skilur hann

sig þannig frá B-hlutanum sem er að mestu eða öllu leyti fjármagnaður með þjónustugjöldum. Undir A-hlutann falla verkefni eins og fræðslumál, félagsþjónusta, umhverfismál, æskulýðs- og íþróttamál og skipulagsmál. Afkoma A-hlutans ræður mestu um heildarafkomu sveitarfélagsins því hann er nokkurs konar bakhjarl gagnvart B-hlutfyrirtækjum ef þau þurfa á aðstoð að halda. Á hinn bóginn er takmörkum háð hvað hægt er að flytja af fjármagni frá B-fyrirtækjum til A-hlutans með arðgreiðslum ef þau eru rekin með góðri afkomu.

Skil ársreikninga eru allgöð þó nokkuð vanti á full skil innan tilskilinna tímamarka. Ársreikninga vantar enn frá 10 sveitarfélögum þegar þessi samantekt er unnin. Þau eru öll frekar fámenn þannig að hlutfallslegt vægi þeirra í heildarniðurstöðunni er mun minna en fjöldinn gefur til kynna.

Niðurstöður úr rekstri A-hluta sveitarfélaga

Í töflu 2 kemur fram yfirlit um niðurstöður úr rekstrarreikningi A-hluta sveitarfélaga fyrir árið 2011. Þar eru bæði settar fram niðurstöður fyrir einstaka flokka og síðan fyrir heildina. Til samanburðar eru einnig gefnar upp sambærilegar niðurstöður úr rekstri A-hluta frá árinu 2010.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að sveitarfélögin tóku við framkvæmd á málefnum fatlaðs fólks í ársbyrjun 2011. Samtals var rekstrarumfang málaflokksins um 10,7 ma.kr. Fyrirkomulag verkefnisins er á hinn bóginn nokkuð mismunandi milli landshluta. Stærstu sveitarfélögin annast verkefnið upp á eigin spýtur og taka einnig að sér framkvæmd þess fyrir minni nágrannasveitarfélög. Minni sveitarfélög framkvæma verkefnið í samstarfi s.s. í byggðasamlögum eða þjónustusvæðum. Þar sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir framlög sjóðsins milliliðalaust til slíkra aðila, sem

Tafla 2. Rekstrarreikningur fyrir árið 2011 (m.kr.).

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2011	Samtals 2010
Skatttekjur án jöfnunarsjóðs	53.847	36.908	29.125	18.097	137.977	126.326
Framlag jöfnunarsjóðs	4.158	3.962	8.340	7.573	24.033	16.329
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	10.572	5.714	7.521	6.398	30.205	30.548
Tekjur	68.577	46.584	44.986	32.068	192.215	173.203
Laun og launatengd gjöld	39.384	24.812	24.307	17.402	105.905	91.217
Annar rekstrarkostnaður	28.461	15.555	15.516	12.611	72.144	69.849
Samtals breytilegur kostnaður	67.845	40.367	39.823	30.013	178.049	161.066
Framlegð (tekjur - breytil. kostn.)	732	6.216	5.163	2.055	14.166	12.137
Afskriftir	3.158	2.462	2.519	1.235	9.375	8.854
Samtals gjöld	71.003	42.830	42.342	31.249	187.424	169.920
Niðurstaða án fjármunal. og óreglulegra l.	-2.426	3.754	2.644	820	4.791	3.283
Framlegð % af tekjum	1,1%	13,3%	11,5%	6,4%	7,4%	7,0%

annast framkvæmd verkefnisins, þá koma þeir fjármunir ekki inn í ársreikninga viðkomandi sveitarfélaga. Þær fjárhæðir eru þannig ekki hluti af þeim upplýsingum sem hér er unnið með þar sem ársreikningar byggðasamlaga eða þjónustusvæða hafa ekki borist enn og eru ekki hluti af ársreikningum sveitarfélaganna. Því gefa þær niðurstöður sem hér eru birtar ekki raunverulega heildarmynd af heildarrekstrarumfangi sveitarfélaganna á árinu 2011 þar sem hluta af rekstri á málefnum fatlaðs fólks vantar inn í uppgjörið.

Meðaltal vísitölu neysluverðs hækkaði um 3,99% milli áranna 2010 og 2011. Það gefur nokkuð góða hugmynd um hver almenn verðþróun hefur orðið að jafnaði á tímabilinu.

Heildartekjur sveitarfélaganna (A-hluta) á árinu 2011 voru 192,2 ma.kr. á sama tíma og þær voru 173,2 ma.kr á árinu 2010. Það er hækking um 19,0 ma.kr. Þá er ekki tekið tillit til verðrymnunar krónunnar vegna verðbólguáhrifa. Meðalútsvarsprósenta hækkaði úr 13,12% á árinu 2010 í 14,44% á árinu 2011. Þessi hækking á að langmestu leyti rætur að rekja til yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Útgreiðsla séreignarlífeyrissparnaðar nam síðan tæplega 3,0 ma.kr. á árinu 2011. Hafa ber þá fjárhæð í huga þegar afkoma sveitarfélaganna er metin því útgreiðsla séreignasparnaðar er einungis tímabundinn tekjustofn á meðan útgreiðsla séreignarlífeyrissparnaðar stendur yfir.

Skatttekjur hækkuðu um 11,6 ma.kr. frá árinu 2010, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækkuðu um 7,7 ma.kr. en þjónustutekjur lækkuðu um 0,3 ma.kr. Rekstrarkostnaður A-hluta sveitarsjóða nam samtals 176,6 ma.kr. á árinu 2011. Það er 16,4 ma.kr. hærri fjárhæð en á árinu 2010. Heildarlaunagreiðslur voru 104,4 ma.kr. á árinu 2011 og hafa hækkað úr 90,4 ma.kr. frá árinu 2010. Þar koma meðal annars til áhrif kjarasamninga á árinu 2011 auk fyrrgreindrar yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Annar kostnaður hækkar hins vegar einungis um 2,3 ma.kr. eða úr 69,8 ma.kr. í 72,1 ma.kr. Þar koma til áhrif fjölmargra sparnaðaraðgerða sem sveitarfélögin hafa framkvæmt á undanförunum mánuðum og misserum.

Nokkuð mismunandi er hvort sveitarfélögin ségreina reiknaðar breytingar á lífeyrisskuldbindingum í ársreikningi eða hvort sá liður er felldur inn í liðinn „Laun og launatengd gjöld“. Því getur verið um nokkuð misræmi á milli einstakra sveitarfélaga að ræða þegar ársreikningar eru skoðaðir. Hér eru allar breytingar á lífeyrisskuldbindingum reiknaðar með launum og launatengdum gjöldum og hafa þannig áhrif á útreikning framlegðar.

Framlegð af rekstri sveitarsjóða á landinu öllu voru 14,1 ma.kr. á árinu 2011 á móti 12,1 ma.kr. á árinu 2010. Rekstrarleg afkoma sveitarfélaganna er því heldur betri í heildina tekið á árinu 2011 en á árinu á undan. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum er 7,4% á árinu samanborið

við 7,0% á árinu 2009. Lægst er framlegðin sem hlutfall af tekjum hjá Reykjavíkurborg eða 1,1% en hæst er hún hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 13,3%.

reiknuðum liðum. Útkoma fjármagnsliða er einna slökust hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ og á „Vaxtarsvæðum“. Þar eru erlend lán einnig umfangsmest svo niðurstaðan kemur ekki á óvart.

Tafla 3. Fjármagnsliðir og rekstrarniðurstaða (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2011	Samtals 2010
Niðurstaða án fjármunal. og óreglulegra l.	-2.426	3.754	2.644	820	4.791	2.665
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	-383	-5.343	-4.527	-566	-10.819	2.810
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	-2.809	-1.589	-1.883	254	-6.027	5.475
Óreglulegir liðir	0	218	837	2	1.057	-287
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	-2.809	-1.372	-1.046	256	-4.970	5.188
Rekstrarniðurst. fyrir. ó.l. sem % af tekjum	-4,1%	-3,4%	-4,2%	0,8%	-3,1%	3,2%



Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði segir til um afkomu sveitarfélaganna af hefðbundnum tekjustofnum og þeim gjöldum sem tengjast hefðbundnum rekstri þeirra. Á árinu 2011 er rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði neikvæð um 5,0 ma.kr. samanborið við jákvæða niðurstöðu sem nam 5,8 ma.kr. á árinu 2010. Niðurstaðan er því mun lakari en á árinu 2010 í heildina tekið og koma þar fyrst og fremst til áhrif gengisþróunar og og annarra fjármagnsliða. Óreglulegir liðir eru heldur umfangsmeiri á árinu 2011 en á árinu 2010. Það eru tekjur eða gjöld sem falla utan við hefðbundinn rekstur sveitarfélaga og eiga sér stað einu sinni eða mjög sjaldan. Þar má til dæmis nefna sölu eigna eða eignarhluta í fyrirtækjum, kostnað vegna náttúruhamfara og annað álíka. Öll samanburðarfræði milli einstakra sveitarfélaga og milli ára verður erfiðari og ómarkvissari ef slíkir liðir lenda óskilgreindir inni í rekstraruppgjöri sveitarfélaganna.

Niðurstaða úr fjármagnsliðum og rekstrarniðurstaða fyrir og eftir óreglulega liði fyrir árið 2011 kemur fram í töflu 3. Verulegur viðsnúningur hefur átt sér stað á niðurstöðu fjármagnsliða á árinu 2011 miðað við árið 2010. Ástæða þess er fyrst og fremst óhagstæð þróun á gengi krónunnar á árinu 2011 svo og þær vaxtahækkningar sem áttu sér stað á árinu. Þegar breytingar á höfuðstól gengistryggðra lána og lána í erlendri mynt eru svo miklar sem raun ber vitni þá hefur það veruleg áhrif á afkomu sveitarfélaganna frá ári til árs. Því er erfið að gera samanburð á heildarniðurstöðu rekstrar milli ára þegar mikið flókt er á einstökum

Tafla 4. Efnahagsreikningur (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2011	Samtals 2010
Fastafjármunir	114.461	110.200	109.392	48.392	382.445	373.096
Veltufjármunir	22.338	10.334	15.706	15.804	64.182	69.837
Eignir	136.799	120.534	125.098	64.195	446.626	442.933
Eigið fé	79.844	41.716	39.639	29.278	190.477	189.423
Langtímaskuldir	33.486	54.800	60.156	16.717	165.159	165.591
Skammtímaskuldir	11.925	15.325	14.251	8.129	49.630	49.345
Heildarskuldir án skuldbindinga	45.411	70.125	74.407	24.846	214.789	214.936
Skuldbindingar	11.544	8.694	11.052	10.071	41.361	38.574
Heildarskuldir og skuldbindingar	56.955	78.818	85.459	34.917	256.149	253.510
Skuldir og eigið fé	136.799	99.845	89.037	54.486	446.626	442.933
Veltufjárhlutfall (veltufjárm./skammtímask)	1,9	0,7	1,1	1,9	1,3	1,4

Hér kemur fram niðurstaða úr efnahagsreikningi. Breytingar á honum eru mjög litlar milli ára. Heildareignastaða hefur mjög lítið breyst en eignir hafa aukist um tæpa 4,0 ma.kr. Skuldbindingar hafa vaxið um tæpa 3,0 ma.kr en langtímaskuldir og skammtímaskuldir eru óbreyttar milli ára. Eigið fé hefur vaxið um 1,0 ma.kr. milli ára. Veltufjárhlutfallið (hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda) er álíka hjá heildinni milli ára eða 1,3 miðað við 1,4 árið 2010. Það hefur þó lækkað í þremur flokkum milli ára en aftur á móti batnað verulega hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“. Almennt er miðað við að veltufjárhlutfall eigi ekki að vera lægra en 1,0 til að lausafjárstaðan sé í ásættanlegu ástandi. Því meir sem hlutfallið fer undir 1,0 (einn), því meiri líkur eru á því að sveitarfélagið eigi í erfiðleikum til skemmri tíma lítið við að standa við skuldbindingar sínar á réttum tíma með tilheyrandi vaxtakostnaði. Hæst er veltufjárhlutfallið í Reykjavíkurborg eða 1,9 en lægst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 0,7 sem er mun betra en á fyrra ári. Hafa ber í huga

að víða eru kröfur A-hluta sveitarsjóðs á B-hluta fyrirtæki færðar sem eignir (viðskiptakröfur) í ársreikningi. Í fæstum tilvikum er um að ræða kröfur sem verða gerðar upp. Hér er oftast um að ræða rekstrarhalla hjá hafnarsjóðum og/eða félagslegum íbúðum. Sveitarsjóðir hafa lagt fram fjármuni til að mæta rekstrarhalla viðkomandi B-hluta fyrirtækja en fá þá til baka í fæstum tilvikum. Engu að síður eru þessir fjármunir skráðir sem eign hjá A-hluta en eyðist út í samstæðureikningi sveitarsjóðs. Sökum þessa er veltufjárhlutfall hjá A-hluta sveitarfélaga ofmetið í mörgum tilvikum.

Niðurstöður úr sjóðstreymi A-hluta sveitarsjóða á árinu 2010 koma fram í töflu 5. Veltufé frá rekstri hækkar milli ára um 5,3 ma.kr. Það hefur aukist verulega á liðnum árum. Sú þróun hefur í för með sér að rekstur sveitarfélaganna skilar að jafnaði meiri fjármunum til að standa undir afborgunum af lánum og nýfjárfestingum. Staða veltufjár frá rekstri er hins vegar nokkuð misjöfn hjá einstökum flokkum. Hlutfall veltufjár frá rekstri af heildartekjum

Tafla 5. Sjóðstreymi (m.kr.)

	Reykjavík	Höfuðsv. án Reykjavíkur	Vaxtar- svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2011	Samtals 2010
Veltufé frá rekstri	6.872	5.206	3.341	2.213	17.633	12.325
Handbært fé frá rekstri	7.088	5.085	2.427	2.204	16.804	11.621
Veltufé frá rekstri % af tekjum	10,0%	11,2%	7,4%	6,9%	9,2%	7,1%
Veltufé frá rekstri % af langtímaskuldum	20,5%	9,5%	5,6%	13,2%	10,7%	7,4%
Fjárfestingarhreyfingar	13.024	633	774	581	15.012	14.274
Fjármögnunarhreyfingar	3.066	-4.014	-3.727	-1.257	-5.932	3.583
Hækkun/lækkun á handbæru fé	-3.086	559	-1.160	375	-3.311	930

er hæst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ eða 11,2% sem er mikil aukning frá fyrra ári. Lægst er hlutfallið hjá „Öðrum sveitarfélögum“ eða 6,9%. Það er óviðunandi lágt enda þótt breytileiki sé nokkur innan flokksins. Þegar veltufé frá rekstri er reiknað sem hlutfall af langtímaskuldum þá kemur í ljós hve mörg ár tekur að greiða upp öll langtímalán ef veltufé frá rekstri breytist ekki á næstu árum og það fer allt til að greiða niður lán. Vitaskuld er hér um að ræða aðferðafræði sem gengur ekki upp en er til glöggvunar á fjárhagslegum styrk einstakra sveitarfélaga og flokka. Hjá Reykjavíkurborg er hlutfallið 20,5% sem er mjög álíka og árið 2010. Niðurstaðan er að það muni taka borgina um fimm ár að greiða upp öll langtímalán A-hluta ef öllu því sem afgangsværi þegar búið er að greiða daglegan rekstur væri ráðstafað til þeirra hluta. Staðan er nokkuð lakari hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en þar mun taka um 10 ár að greiða upp allar langtímaskuldir ef veltufé helst óbreytt næstu tíu ár. Á „Vaxtarsvæði“ er staðan enn lakari en þar mun taka tæp 18 ár að greiða upp öll langtímalán að óbreyttu. Hlutfallið er hagstæðara hjá „Öðrum sveitarfélögum“ eða 13,2% sem er sama hlutfall og fyrir ári síðan. Það mun taka sveitarfélög í þessum flokki nær átta ár að jafnaði að greiða upp öll langtímalán að jafnaði með óbreyttu veltufé. Hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum er í heildina tekið hærra á árinu 2010 en árið 2009 og hefur það hækkað úr 7,4% í 10,7%. Það er veruleg framför milli ára og styrkir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna á heildina litið.

Niðurstaða þessa er að mörg sveitarfélög verða að leggja þunga áherslu á að auka veltufé frá rekstri til að gera það mögulegt að standa bæði undir afborgunum af lánunum og kostnaði við nýfjárfestingar á komandi árum. Það verður fyrst og fremst gert með hagræðingu og sparnaði í daglegum rekstri.


Hvernig hafa nokkrar kennitölur þróast?

Við mat á stöðu sveitarfélaga er gagnlegt að bera saman hvernig ákveðnar meginforsendur hafa breyst á liðnum árum. Hér verður sett upp yfirlit um nokkrar kennitölur sem lýsa þróun nokkurra mikilvægra kennitalna á liðnum árum. Þær eru settar upp bæði fyrir einstaka flokka og síðan fyrir landið í heild.


Á mynd 1 kemur fram að þróun framlegðar sem hlutfalls af heildartekjum hefur verið nokkuð mismunandi eftir flokkum á síðustu fjórum árum. Hlutfall framlegðar hefur heldur vaxið á heildina litið, vaxið ár frá ári hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ mjög breytileg á „Vaxtarsvæði“, verið nokkuð jöfn hjá „Öðrum sveitarfélögum“ en mjög breytileg hjá Reykjavíkurborg og farið lakkandi.

Á mynd 2 kemur fram að veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum er mjög jafnt hjá Reykjavíkurborg á tímabilinu, hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ var það lágt fyrstu þrjú árin en hefur aukist verulega á síðasta ári, það hefur heldur sigið upp á við með einni undantekningu á „Vaxtarsvæði“ og verið nokkuð

Mynd 1. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum



Mynd 2. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum




stöðugt hjá „Öðrum sveitarfélögum“ að undanskilda fyrsta árinu. Mikill breytileiki er hins vegar á milli einstakra flokka í hvernig þessi kennitala hefur þróast.

Hér kemur glögg fram hve veltufjárhlutfall (hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda) er misjafnt milli einstakra flokka. Reykjavíkurborg heldur góðu

veltufjárhlutfalli öll árin á meðan veltufjárhlutfallið er lágt flest árin hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“. Veltufjárhlutfallið lækkar síðan heldur hjá öðrum flokkum en fyrir landið í heild er það nokkuð jafnt öll árin.

GAJ

Mynd 3. Veltufjárhlutfall



**Samband íslenskra
sveitarfélaga**

Borgartúni 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Sími: 515 4900, Fax: 515 4903

www.samband.is samband@samband.is 15/2012